

Nr. 117 / 11 Hrafn Sveinbjarnarson GK 255***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1972
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 stál
Stærð: 290,3 brl. 1028 bt.
Mesta lengd: 47,9 m Skráð lengd: 39,3 m
Breidd: 11 m Dýpt: 7,45 m
Vél: Deutz 1850 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 25

Gögn:
Gögn RNS



Hrafn Sveinbjarnarson ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. febrúar 2011 var Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 á togveiðum. Veður: N 15 m/s.

Verið var að taka trollið og skipverji að fara með bakborðs stóra gilsinn aftur á til að ganga frá honum eftir notkun. Skipverjinn hélt gilsinum strekkum og þegar gilsinn festist milli vafninga („törnaðist“) dróst hann snögglega til baka svo hann missti takið. Vegna bakborðsveltu sveiflaðist gilsinn inn í bakborðsganginn og slóst í fót annars skipverja. Skipverjinn marðist og varð haltur um tíma en hélt áfram vinnu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.